

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps,
stækkun íbúðarbyggðar í Áshildarmýri.

Skipulagsstofnun staðfesti, 6. júlí 2022, breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 sem samþykkt var í sveitarstjórn 12. janúar 2022.

Í breytingunni felst að íbúðarbyggð ÍB1 í Áshildarmýri í landi Kílhrauns stækkar til austurs og frístundabyggð F4 minnkar samsvarandi. Gert er ráð fyrir 11 íbúðalóðum á svæðinu sem stækkunin nær til.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 6. júlí 2022.

F. h. forstjóra,
Ólafur Árnason.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 21. júlí 2022